



Skrifstofur:
Laugavegi 103
105 Reykjavík
Sími: 696000

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

— GAGNKVÆMT TRYGGINGARFÉLAG —

Alþingi

Erindi nr. 2117/11302

Komudagur 12/14 1994

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingis

Reykjavík, 7. apríl 1994

**Umsögn: um frumvarp til laga um
vátryggingastarfsemi. (450. mál).**

Virðuleg þingnefnd hefur með bréfi dags. 24. mars 1994 beðið Brunabótafélag Íslands um umsögn um greint frumvarp. Fyrir það er þakkað og umsögn félagsins fer hér á:

1. Eftir að pólitískur meirihluti hafði myndast á Alþingi fyrir því að Ísland gerðist aðili að Evrópsku efnahagssvæði, varð nauðsynlegt vegna skuldbindinga sammingsins að breyta fjölmörgum lagaákvæðum á vátryggingasviði, meðal annars grundvallarlögunum um vátryggingastarfsemi á Íslandi. Frumvarp þetta tekur til síðustu breytinga í þróunarferli Evrópuréttar um vátryggingar og aðlagar íslenska löggjöf að hinni svokölluðu þriðju kynslóð tilskipana um skaðatryggingar. Hér er verið í raun að uppfylla samningsskyldur Íslendinga.

2. Frumvarpið er vel unnið og ýtarlegt og spannar sviðið mjög vel og hér er um að ræða þýðingarmikla og nauðsynlega grundvallarlöggjöf. Brunabótafélagið er þeirrar skoðunar, að virkt aðhald eftirlitsaðila með starfsemi vátryggingafélaga sé bæði hollt fyrir félögin og forráðamenn þeirra sem og íslenska tryggingartaka.

3. Brunabótafélagið hefur átt þess kost að fylgjast með undirbúningi frumvarpsins og er kunnugt um umsögn SÍT til nefndarinnar um frumvarpið og er sammála þeirri umsögn, einnig í þeim atriðum er taka til 3. mgr. 27. gr. frumvarpsins (samþykktir) og 47. greinar (ársreikninga).

4. Með vísan til framanritaðs er lagt til að frumvarp þetta verði samþykkt sem lög á þessu þingi en lögð mikil áhersla á, að nauðsynlegt er að samþykkja jafnhliða frumvörpin um brunatryggingar og Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Virðingarfyllst,

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Ingi R. Helgason forstj.